Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2012 (Framvinduskýrsla)

Oddgeir Isaksen og Hildur Gestsdóttir

FS504-910115

Reykjavík

2012

©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.is

Efni

Inngangur 5
Fyrri rannsóknarár. 6
Rannsóknir 1999-2004 6
Rannsóknir 2010 7
Rannsóknir 2011 9
Markmið Rannsókna 2012 11
Aðferðir 11
Jarðlög 11
Beinagrindur. 12
Gripir. 12
Jarðvegssýni 13
Niðurstöður. 14
Grafirnar 15
Kirkjugarðsveggurinn 18
Framtíðaráform 24
Heimildir 25
Viðauki 1: Ritskrá kirkjugarðsins á Hofstöðum 26
Skýrslur 26

Útgefið efni 26

Nemendaverkefni sem notað hafa gögn eða beinagrindur úr Hofstaðauppgreftinum 26

Ph.D. 26

M.S. 27

M.A. 27

B.A. 27

Nemendaverkefni í vinnslu sem nýta Hofstaðabeinagrindur 27

Ph.D. 27

Inngangur

Uppgraftartímabilið 2012 sem stóð yfir frá 29. júlí-10. ágúst, er það þriðja tímabilið síðan rannsóknir á kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit hófust aftur árið 2010 eftir að hafa legið niðri um árabil.

Kirkjugarðurinn á Hofstöðum er talinn, samkvæmt gjóskulagagreiningu, farinn úr notkun fyrir 1300. Er meginmarkmið rannsókna á honum að gera heildstæða rannsókn á kirkju og kirkjugarði með það fyrir augum að auka við þekkingu greftrunarsiðum á miðöldum sem og á gerð og notkun kirkna frá þeim tíma. Er ætlunin að grafa kirkjugarðinn upp í heild sinni og er einskorðast rannsóknir ekki eingöngu við uppgröft innan garðsins heldur einnig utan hans til að kanna hvort þar er að finna mannvirki tengd notkun hans og ekki síst hvort þar er að finna grafir þeirra sem ekki hafa átt lægt innan garðs, í helgri jörð, af einhverjum orsökum.

Einnig er stefnt að því að stefnt á umfangsmiklar rannsóknir á mannabeinum úr garðinum. Þótt mannabeinasafn Þjóðminjasafns Íslands sé stórt, er það mjög dreift í tíma og eru aðeins tólf kirkjugarðar þar sem grafnar hafa verið upp fleiri en 10 beinagrindur (Hildur Gestsdóttir 2009). Nú á dögum eru flesta beinafræðilegar rannsóknir byggðar á tölfræðilegri greiningu og því er mikilvægt að hafa sem flestar beinagrindur frá hverjum stað til að niðurstöður rannsókna verði tölfræðilega marktækar. Því mun það hafa mikið gildi fyrir mannabeinarannsóknir á Íslandi að heildstæður uppgröftur á kirkjugarði hafi farið fram. Má geta þess hér að þegar hafa farið fram nokkrar rannsóknir á beinasafninu frá Hofstöðum (sjá viðauka 1, Ritaskrá Hofstaðaverkefnisins).

Fyrri rannsóknarár.

Rannsóknir 1999-2004

Rannsóknir á kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit hófust árið 1999. Jarðsjármælingar sem gerðar voru það ár leiddu í ljós að þar var að finna hringlaga garðlag, um 30 m í þvermál og innan þess, fyrir miðju, óreglulega þúst. Könnunarskurðir leiddu svo í ljós grafir innan garðsins og að þústin sem sést hafði á jarðsjármælingunum reyndist vera leifar af byggingu. Árið 2000 var opnað um 231 m² svæði þar og stóðu rannsóknir yfir á því næstu fimm sumur eða fram til ársins 2004. Á þeim tíma voru grafnar upp leifar tveggja timburkirkna og 76 grafir umhverfis þær. Eldri kirkjan sem jafnframt var sú stærri er talin hafa verið byggð seint á 10 öld en sú yngri, er talin byggð einhvern tíma fyrir 1300 og var að öllum líkindum um stafkirkju að ræða hugsanlega að



Mynd 1: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir minjar sem grafnar voru upp í kirkjugarðinum á Hofstöðum á árunum 1999-2004. Bláu beinagrindurnar eru karlkyns, þær rauðu kvenkyns og þær gulu eru beinagrindur af börnum. Ljósbláu beinagrindurnar var ekki hægt að greina til kyns vegna lélegrar varðveislu.

norskri fyrirmynd (Hildur Geststóttir, 2006). Eftir 2004 lágu rannsóknir niðri um árabil en hófust svo aftur árið 2010.

Rannsóknir 2010

Uppgraftartímabilið 2010 stóð yfir í fimm vikur og var uppgreftri haldið áfram á upprunalega rannsóknarsvæðinu, þar sem grafnar voru upp 34 grafir til viðbótar, auk þess sem svæðið var stækkað umtalsvert til norðurs og austurs í þeim tilgangi að afhjúpa sjálfan kirkjugarðsvegginn. Var svæðið um 491 m² að stærð. Við lok uppgraftartímabilsins var greinilega hægt að sjá lögun kirkjugarðsveggjarins, þótt einungis væri hægt að sjá glita í hann á örfáum stöðum, auk þess sem fleiri grafir voru farnar að koma í ljós rétt norðan við gamla uppgraftarsvæðið, út við vegginn. Við lok uppgraftar 2010 höfðu alls verið grafnar 110 grafir í kirkjugarðinum, síðan rannsóknir hófust 1999, sem innihéldu 113 beinagrindur og voru allar frá því fyrir 1300 samkvæmt gjóskulagagreiningu. Flestar grafanna sem innihéldu fullorðna einstaklinga voru austan við kirkjuna. Voru grafirnar í skipulögðum röðum og var almenna reglan sú að konur virðast hafa verið grafnar norðanvert í garðinum og karlmenn sunnanvert (þetta er þó ekki algilt). Börnin, sem flest voru hvítvoðungar, virtust flest hafa verið grafin sunnan við kirkjuna og var þétt grafið og mikið um að grafir skæru hver aðra.

Þetta uppgraftartímabil einskorðaðist þó ekki eingöngu við uppgröft á leifum kirkjugarðsins heldur fannst einnig ruslagryfja í norðvesturhorni svæðisins sem að öllum líkindum hefur upphaflega verið grafin á 17-18. öld en síðan endurnýtt í lok 19 aldar. Vestan við uppgraftarsvæðið er gamli bæjarhóllinn á Hofstöðum þar sem stóð torfbær fram yfir miðja 20. öld og lá öskuhaugur frá honum að hluta yfir norðurhluta nýja uppgraftarsvæðisins. Við lok uppgraftartímabilsins var einnig farinn að koma í ljós annar eldri öskuhaugur, utan kirkjugarðsins, nálægt norðausturhorni uppgraftarsvæðisins, sem reyndist vera eldri en Veiðivatnagjóska frá 1477, sem lá meira og minna yfir öllu uppgraftarsvæðinu.

Í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins fannst einnig ferhyrnd hola 1,3 x 1,3 m á stærð og grafin niður á fast berg. Fyllingin í henni var að öllum líkindum uppmoksturinn úr holunni sjálfri. Að öllum líkindum er þetta prufuhola frá Daniel Bruun sem fyrstur gróf í Víkingaaldarskálann á Hofstöðum, árið 1908. Bruun skráir þessa holu ekki, en gerðfræðilegur samanburður á henni og þeim prufuholum sem hann gróf á öðrum stöðum bendir til þess (holan er 2 x 2 alnir). (Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Isaksen, 2011).



Mynd 2: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir stöðuna á rannsóknarsvæðinu í kirkjugarðinum á Hofstöðum, við lok uppgraftar árið 2010. Einnig sýndar uppgrafnar minjar á tímabilinu 1999-2010. Bláu beinagrindurnar eru karlkyns, þær rauðu kvenkyns og þær gulu eru beinagrindur af börnum. Ljósbláu beinagrindurnar var ekki hægt að greina til kyns vegna lélegrar varðveislu.

Rannsóknir 2011

Sumarið 2011 stóðu rannsóknir yfir í þrjár vikur. Lokið var uppgreftri innan kirkjugarðsins og reyndust grafirnar sem farið var að glitta í, nyrst í garðinum við lok uppgraftar 2010, vera 7 þegar upp var staðið (sjá mynd 2, einingar [5130], [5132], [5143], [5159], [5163], [5166] og [5172]) og innihéldu þær leifar 8 fullorðinna einstaklinga. Við lok uppgraftar 2011 höfðu því verið grafnar upp 117 grafir, frá 1999, sem innihéldu 121 beinagrind.

Sex grafanna voru óhreyfðar en tvær reyndust vera hreyfðar og innihélt önnur þeirra, gröf [5132] leifar tveggja einstaklinga í kistu, en einn einstaklingur fannst hinni, gröf [5143]. Er greinilegt að þessi bein hafa verið flutt annarsstaðar að, þó ekki sé ljóst hvort það hafi verið innan kirkjugarðsins á Hofstöðum, eða lengra frá, þ.e úr öðrum kirkjugarði, eða jafnvel úr kumlum. Hvað sem því líður þá virðist beinunum hafa verið komið fyrir af alúð, og er til að mynda greinilegt að reynt hefur verið að halda beinagrindunum, sem fundust í gröf [5132], aðskildum auk þess sem reynt hefur verið að haga umbúnaði um beinin samkvæmt viðteknum grafarsiðum eins og kostur var. Voru höfuðkúpur t.d. í vesturenda beggja grafanna ,þótt líkamsstaða hafi ekki verið rétt að öðru leyti, auk þess sem beinin í gröf [5132] voru hulin ösku og viðarkolum. Þekkt er að aska hafi haft talsverða merkingu í kristinni trúariðkun, einkum þó í kaþólskum sið og er talið hugsanlegt að hún hafi haft eitthvað að með hreinsun sálar og líkama hins látna. Hefur nokkuð borið á því í kristnum gröfum sem fundist hafa (sjá nánar Oddgeir Isaksen og Hildur Gestdóttir, 2011. Sjá einnig Kristín H. Baldvinsdóttir 2008)

Þrjár grafanna (einingar [5159], [5163], og [5172]), voru ekki með austur-vestur legu eins og almennt tíðkast í kirkjugörðum, heldur lágu þær austsuðaustur-vestnorðvestur. Voru þær allar nyrst í kirkjugarðinum og virtust fylgja legu kirkjugarðsveggjarins. (sjá nánari í Oddgeir Isaksen og Hildur Gestsdóttir 2012).



Mynd 3: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir stöðuna á rannsóknarsvæðinu í kirkjugarðinum á Hofstöðum, við lok uppgraftar árið 2011. Einnig sýndar uppgrafnar minjar á tímabilinu 1999-2011. Bláu beinagrindurnar eru karlkyns, þær rauðu kvenkyns og þær gulu eru beinagrindur af börnum. Ljósbláu beinagrindurnar var ekki hægt að greina til kyns vegna lélegrar varðveislu og grænu beinagrindurnar eru þær sem ekki hafa verið greindar.

Utan við kirkjugarðinn fór mestur tíminn í að afhjúpa og grafa upp öskuhaug sem komið hafði í ljós í norðausturhorni rannsóknarsvæðisins árið 2010 og var greinilega eldri en Veiðivatnagjóska frá 1477 (V-1477). Kom í ljós að öskuhaugurinn sat nánast beint ofaná Heklugjósku frá því um 1300 (H-1300) og er því ljóst að hann hefur orðið til einhvern tíma á milli 1300 og 1477. Fannst fjöldi gripa í haugnum, m.a. tveir teningar með dæmigerðu miðaldaskreyti og fjórir skreyttir kambar. Úrvinnsla gripa hefur ekki farið fram enn sem komið er, en ætlunin er að það muni gerast fljótlega eftir áramótin

2012-2013 og munu fyrstu niðurstöður verða birtar í annarri framvinduskýrslu fyrir árið 2012 sem koma mun út eftir áramótin. Talsverður fjöldi dýrabeina fannst í öskuhaugnum og stendur úrvinnsla og greining á þeim yfir, þegar þetta er ritað. Verða niðurstöður þeirrar greiningar einnig birtar í annarri framvinduskýrslunni fyrir árið 2012.

Markmið Rannsókna 2012

Árið 2012 var markmiðið að ljúka uppgreftri á því rannsóknarsvæði sem þegar hafði verið opnað og afhjúpa kirkjugarðsvegginn að fullu og leita hugsanlegra grafa utan garðsins. Megináherslan í ár var þó á úrvinnslu gagna. Þar sem að sér fyrir endann á rannsóknum á því svæði sem þegar hefur verið opnað, er talið nauðsynlegt að ráðast í umfangsmikla úrvinnslu og samræmingu gagna sem ná allt aftur til 1999, áður en lengra er haldið.

Hér að neðan verður lýst helstu niðurstöðum úr uppgreftrinum 2012 en önnur framvinduskýrsla verður svo birt á vormánuðum 2013, þar sem lýst verður framvindu á úrvinnslu gagna.

Aðferðir

Jarðlög

Uppgröftur og skráning fylgja svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunnar Íslands (Lucas, 2003). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Hofstöðum í Mývatnssveit. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða

í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og til dæmis grafir sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði kirkjugarðs, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einninga og hópa þar sem það á við.

Beinagrindur.

Allar beinagrindur fá einstakt númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einninganúmerum þeirra grafa sem beinagrindurnar finnast í. Reynt er að gera eins nákvæma skráningu á beinum einsog mögulegt er áður en þeim er lyft, þar sem alltaf geta orðið einhverjar skemmdir á þeim í því ferli, jafnvel þótt varðveisla sé eins góð og raun ber vitni á Hofstöðum. Allar beinagrindurnar eru teiknaðar í mælikvarðanum 1:10 (ungbarnabeinagrindur 1:5) og teknar af þeim lóðréttar ljósmyndir með tveimur staðsettum viðmiðunarpunktum sem hægt er að nýta til að staðsetja ljósmyndirnar inn á stafrænar teikningar af uppgraftarsvæðinu. Einnig eru tekin jarðvegssýni úr gröfinni á ýmsum stigum uppgraftar . Sumarið 2010 var öll jarðvegssýnataka úr gröfum í höndum Brendan Keely og Matt Pickering frá InterArchive verkefninu við Háskólann í York. Markmið verkefnisins er að þróa aðferðafræði við sýnatöku úr gröfum til að fá sem flestar upplýsingar um lífræna þætti grafa. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimsíðu þess (http://www.york.ac.uk/archaeology/research/current-projects/interarchive/). Ekki hafa enn borist niðurstöður úr þeim rannsóknum.

Gripir.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og beinagrindurnar. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einninganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, 2003).

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einiganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Niðurstöður.

Uppgreftri á núverandi rannsóknarsvæði í kirkjugarðinum á Hofstöðum er nú lokið bæði innan og utan garðsins. Kirkjugarðsveggurinn hefur nú verið grafinn fram að fullu á því svæði, auk þess sem tvær litlar grafir fundust, í ár, utan garðsins, sem báðar voru grafnar innundir kirkjugarðsvegginn.



Mynd 4: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir stöðuna á rannsóknarsvæðinu í kirkjugarðinum á Hofstöðum, við lok uppgraftar árið 2012. Einnig sýndar uppgrafnar minjar á tímabilinu 1999-2012. Bláu beinagrindurnar eru karlkyns, þær rauðu kvenkyns og þær gulu eru beinagrindur af börnum. Ljósbláu beinagrindurnar var ekki hægt að greina til kyns vegna lélegrar varðveislu og grænu beinagrindurnar eru þær sem ekki hafa verið greindar.

Grafirnar

Grafirnar (einingar [5190] og [5196]) fundust nálægt norðausturhorni rannsóknarsvæðisins (sjá mynd 4) og virðist sem reynt hafi verið eftir megni að grafa þær sem lengst inn undir kirkjugarðsvegginn, líklega til að komast sem næst hinni helgu jörð innan garðs. Í gröf [5190] fannst illa varðveitt beinagrind af ungabarni og er hún fyrsta beinagrindin sem finnst utan kirkjugarðs í fornleifafræðilegu samhengi á Íslandi, eftir því sem næst verður komist. Engin bein fundust í gröf [5196] og hefur annað hvort verið hætt við að jarðsetja í henni eða þá að öll ummerki um bein hafa verið horfinn sökum lélegrar varðveislu. Síðarnefnda ástæðan verður þó að teljast ólíkleg, þar sem bein skilja gjarnan eftir sig ummerki (dökkar rákir) í fyllingum grafa, þótt þau séu horfin að öðru leyti. Engin slík ummerki sáust í gröf [5196].

Grafirnar eru báðar um 0,8 m á lengd og um 0,4 m á breidd. Fylgja báðar grafirnar legu kirkjugarðsveggjarins og er gröf [5190] því með vestnorðvestur –austsuðaustur legu, enn gröf [5196] liggur aftur á móti norðvestur-suðaustur. Gröf [5190] er um 0,4 m á dýpt og lá beinagrindin, sem í henni fannst, með höfuðið í vestnorðvesturenda, en gröf [5196] er 0,46 m á dýpt. Gröf [5196] er með sveigðar eða rúnnaðar brúnir en á gröf [5190] eru brúnirnar nokkuð beinar. Báðar grafirnar eru með stallaðar hliðar og flatan botn. Voru fyllingar beggja grafanna líkar fyllingum í öðrum gröfum sem fundist hafa á Hofstöðum, þ.e mikið blandaðar, með talsverðu af blettum af forsögulegu Heklugjóskunni H3.

Mynd 5: Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu grafa [5190] og [5196]. Horft í austur.

Í Grágás, hinu forna lagasafni Íslendinga eru taldar upp fjórar ástæður þess að menn skildu grafnir utan kirkjugarðs auk þess sem þar var að finna ákvæði um það hvar mátti grafa þá sem ekki áttu lægt í helgri jörð:

„Í fyrsta lagi voru það óskýrðir. Í öðru lagi skógarmenn óælir og óferjandi. Í þriðja lagi þeir sem fyrirfóru sér, nema þeir næðu að sýn iðrun fyrir dauðann Í fjórða lagi hafði biskup heimild til að banna gröft í kirkjugarði ef sérstakar ástæður voru til. Ekki dugði að grafa fólk rétt utan við kirkjugarðsvegginn heldur þurfti að vera í „örskotshelgi“ , um 400 m frá túngarði og þar er hvortki sé akur né eng, og eigi falli vötn af til bólstaða, og syngja eigi líksöng yfir. Skilgreining laganna verður ítarlegri þegar kemur fram á miðaldir og hafa þá t.d. okurkarlar bæst í hóp utangarðsmanna. Að sama skapi var ákvæði um óskírð börn rýmkað og mátti nú grafa þau við kirkjugarðsvegg. Svo virðist sem það hafi líka verið látið duga með marga utangarðsmen, í það minnsta á seinni öldum“ (Birna Lárusdóttir, 2011, 91).

Sú breyting á reglum kirkjunnar er leyfði jarðsetningu óskýrðra barna við kirkjugarðsvegg, kemur fyrst fyrir í bréfi frá 1269 (Skipan Árna Biskups Þorlákssonar Skálholtsbiskups, DI II, 37). Kirkjugarðurinn Hofstöðum er talinn hafa farið úr notkun fyrir 1300 og mætti því draga þá ályktun að grafir [5190] og [5196] séu frá seinni

notkunarstigum kirkjugarðsins á Hofstöðum þar sem þær hafi verið grafnar eftir að farið var að leyfa jarðsetningu óskýrðra barna rétt utan kirkjugarðs. Talsverð jarðvegsuppsöfnun virðist þó hafa orðið á milli grafanna og H-1300 gjóskulagsins ,en grafirnar voru huldar 0.08-0.10 m þykku áfokslagi (eining, [5186]), þar sem það var þykkast upp við kirkjugarðsvegginn, sem bent gæti til þess að grafirnar hafi verið grafnar nokkuð löngu áður en H-1300 lagið féll. Líklegra er þó talið að þykkt áfokslagsins orsakist af aðstæðum á staðnum. Landinu hallar nokkuð til austurs og norðurs á þessum stað sem nokkuð hefur bætt við þykkt áfokslaga sem lagst hafa upp að kirkjugarðsveggnum. Hafa öll jarðlög, sem legið hafa yfir kirkjugarðsveggnum, verið þykkust upp við hann.

Mynd 6: Gröf [5190] áður en beinagrindin var fjarlægð.

Eins og áður sagði er beinagrindin sem fannst í gröf [5190] sú fyrsta sem finnst utan garðs, í fornleifafræðilegu samhengi, hér á landi. Ekki er ljóst hversu algengt það var að óskýrð börn væru grafin upp við utanverðan kirkjugarðsvegg enda hefur, til skamms tíma, lítið verið gert af því að rannsaka svæði utan við kirkjugarða við stóra kirkjugarðsuppgrefti hér á landi. Hitt er þó ljóst að talsvert er um nýburagrafir innan kirkjugarða, eins og t.d. á Hofstöðum í Mývatnssveit og í Keldudal í Skagafirði. Hafa mörg þessara barna sjálfsagt verið skýrð skemmri skírn til að þau ættu lægt í helgri jörð, en einnig er ekki loku fyrir það skotið að menn hafi einfaldlega hundsað lagabókstafinn þar sem þeir hafi ekki getað hugsað sér að útskúfa börnum sínum á þann hátt að grafa þau utan garðs (Birna Lárusdóttir, 2011, 91-92)..

Kirkjugarðsveggurinn

Mynd 7: Hluti kirkjugarðsveggjarins á Hofstöðum. Horft til norðvesturs.

Kirkjugarðsveggurinn sjálfur hefur nú verið grafinn fram að fullu á því uppgraftarsvæði sem nú hefur verið grafið (sjá mynd 4). Er varðveisla hans ærið misjöfn, eftir því hvar er borið niður, en hann er yfirleitt um 1 m á breidd og á bilinu 0,1-0,3 m á hæð. Er greinilegt að efni í hann hefur verið skorið beggja vegna hans og situr hann því á stalli úr óhreyfðum jarðvegi, sem bætir víða allt að 0,05 m við hæð hans. Er veggurinn gerður úr strengjatorfi sem inniheldur Veiðivatnagjósku frá því um 940 (V-940) og má

Mynd 8: Horft til norðurs eftir kirkjugarðsveggnum á Hofstöðum, þar sem hann er þykkastur í suðausturhluta uppgraftarsvæðisins.

sjá þrjú umför af hleðslutorfi þar sem hann er þykkastur í suðausturhluta uppgraftarsvæðisins en eitt umfar þar sem hann er þynnstur, í norðausturhluta þess. Grjóthlaðið sáluhlið, með leifum af grjóthlaðinni stétt, fannst á garðinum skammt frá suðausturhorni uppgraftarsvæðisins og liggur það frá austri til vesturs inn í garðinn (sjá mynd 4).

Er staðsetning hliðsins nokkuð athyglisverð þar sem hún er á skjön við það sem algengast er, að sáluhlið vísi annað hvort að inngangi inn í kirkjur eða í átt að bæ. Inngangur í kirkjuna á Hofstöðum hefur verið á vesturenda hennar, þ.e. í hvarfi frá hliðinu, sem hér um ræðir, en miðaldabærinn á Hofstöðum var vestan við kirkjugarðinn. Hugsanlegt er þó að annað hlið sé inn garðinn að vestanverðu sem hefur þá verið aðalinngangurinn inn í hann.

Mynd 9: Sáluhliðið séð innanfrá (úr vestri).

Mynd 10: Sáluhliðið séð utanfrá (úr austri).

Kirkjugarðurinn Hofstöðum er austur undir rótum Hofstaðaheiðar en um hana lá m.a aðalleiðin frá Mývatnssveit norður til Húsavíkur. Svokallaðar Geirastaðagötur liggja frá suðausturhorninu á túni Hofstaða skammt suðaustan kirkjugarðsins, austur yfir heiðina og að Geirastöðum (Orri Vésteinsson, 1999, 73). Er hugsanlegt hliðið sem hér um ræðir hafi verið ætlað aðkomumönnum sem sótt hafi kirkju að Hofstöðum og átt þá leið um Geirastaðagötur.



Mynd 11: Kort sem sýnir m.a helstu leiðir um Hofstaðaheiði, þar með taldar Geirastaðagötur (Orri Vésteinsson 1996, 73).

Einn möguleiki til viðbótar er fyrir hendi varðandi staðsetningu hliðsins, en hann er sá að kirkjugarðurinn, sem niðurstöður geislakolsgreininga benda til að hafi jafnvel verið kominn til sögunnar á seinni hluta 10. aldar (Hildur Gestdóttir 2004), hafi upphaflega verið gerður af íbúum skálans sem grafinn var upp á Hofstöðum á árunum 1992-2002



Mynd 12: Afstöðuteikning sem sýnir staðsetningu kirkjugarðsins gagnvart skálanum.

og er talinn hafa verið í notkun fram á fyrri hluta 11. aldar (Lucas, G. 2009). Skálinn er staðsettur um 90 m norðaustur af kirkjugarðinum (sjá mynd 10) og þar sem ekki er vitað um annan bústað austan við kirkjugarðinn, þá er ekki loku fyrir það skotið að hliðið hafi verið aðgengi íbúa skálans inn í kirkjugarðinn.

Framtíðaráform

Markmiðið er að stækka uppgraftarsvæðið til suðurs og vesturs á næstu árum með það fyrir augum að afhjúpa það sem enn er ógrafið af kirkjugarðinum á Hofstöðum.



Mynd 13: Yfirlitsteikning sem sýnir áætlaða stækkun rannsóknarsvæðisins á næstu árum.

Áhersla næstu mánuði verður þó lögð á úrvinnslu og samræmingu gagna, sem þegar hefur verið safnað og ná allt aftur til 1999. Er fyrstu framvinduskýrslu þeirrar yfirferðar að vænta á vormánuðum 2013.

Heimildir

Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók íslenskrar fornleifa.* Opna. Reykjavík

Hildur Gestsdóttir. 2006. *Hofstaðir 2004. Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS311-910112. Reykjavík

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen. 2011. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2010 (Framvinduskýrsla).* Fornleifastofnun Íslands: FS455-910113. Reykjavík.

Kristín Halla Baldvinsdóttir. 2008. *Aska og viðarkol í gröfum á Íslandi. Greining ösku og viðarkola á mannabeinum og í gröfum.* (óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

Lucas, G. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lucas, G. 2009. *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age Feasting Hall in Nort-Eastern Iceland.* Institute of Archaeology. Monograph series-1. Reykjavík.

Oddgeir Isaksen & Hildur Gestsdóttir. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2011 (Framvinduskýrsla).* Fornleifastofnun Íslands: FS485-910114. Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1996. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I: Fornleifar á Hofstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Hörgsdal.* Fornleifastofnun Íslands: FS022-96011. Reykjavík

Viðauki 1: Ritskrá kirkjugarðsins á Hofstöðum

Skýrslur

Hildur Gestsdóttir. 1999. „The Medieval Churchyard.“ Lucas, G. (ritstj.) *Hofstaðir 1999. Framvinduskýrslur / Interim Reports.*. Fornleifastofnun Íslands: FS102-91017, bls 44-54.

Hildur Gestsdóttir. 2001. „The Medieval Chapel and Churchyard.“ Í Lucas, G.(ritstj.) *Hofstaðir 2000. Farmvinduskýrslur / Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS130-91018, bls 21-25.

Hildur Gestsdóttir. 2002. „Area Z.“ Lucas, G.(ritstj.) *Hofstaðir 2001. Framvinduskýrslur / Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS167-91019, bls 29-34.

Hildur Gestsdóttir. 2003. „The Chapel.“ Í Lucas, G. (ritstj.) *Hofstaðir 2002. Framvinduskýrslur / Interim Report*. Fornleifastofnun Íslands: FS193-910110, bls 26-29.

Hildur Gestsdóttir. 2004. *Hofstaðir 2003. Framvinduskýrsla / Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS230-910111.

Hildur Gestsdóttir. 2006. *Hofstaðir 2004. Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS311-910112.

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen. 2011. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2010 (Framvinduskýrsla).* Fornleifastofnun Íslands: FS455-910113.

Oddgeir Isaksen & Hildur Gestsdóttir. 2012. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2011 (Framvinduskýrsla).* Fornleifastofnun Íslands: FS455-910114.

Útgefið efni

Hildur Gestsdóttir 2009. ‘Sögur af beinagrindum.’ *Árbók Hins Íslenzka fornleifafélags* 2008-2009: 123-142.

Hildur Gestsdóttir & Guðmundur I. Eyjólfsson. 2005. ‘Mergæxli í fornri beinagrind frá Hofstöðum í Mývatnssveit.’ *Læknablaðið: The Icelandic Medical Journal* 91: 505-9.

Horsley, T.J. & Dockrill, S.J. 2002. ‘A preliminary assessment of the use of routing geophysical techniques for the location, characterisation and interpretation of buried archaeology in Iceland.’ *Archaeologia Islandica* 2: 10-33.

Lanigan, L.T. & Bartlett, D.W. (í vinnslu). Erosive Tooth Wear in Relation to a Subarctic Diet in Medieval Iceland. (sent *American Journal of Physical Anthropology*).

Nemendaverkefni sem notað hafa gögn eða beinagrindur úr Hofstaðauppgreftinum

Ph.D.

Horsley, T.J. 2004. *The potential of geophysical prospection techniques for archaeological field*

evaluation in Iceland. (Óútgefin doktorsritgerð: University of Bradford, Englandi).

M.S

Lanigan, L.T. 2011. *Acid erosion in the dental enamel of an early Medieval Icelandic population.* (óútgefin M.S. ritgerð: University Collage London).

Jeffries E. 2011. *The Archaeology of Children in Northern Iceland: An analysis of the infant assemblages from Hofstaðir and Keldudalur.* (óútgefin M.S ritgerð: University of Sheffield)

M.A.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2008. *„Þegar á unga aldri lifi ég enn…" Barnafornleifafræði: Greftrun barna á kaþólskum tíma á Íslandi.* (óútgefin M.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

B.A.

Kristín Halla Baldvinsdóttir. 2008. *Aska og viðarkol í gröfum á Íslandi. Greining ösku og viðarkola á mannabeinum og í gröfum.* (óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2008. *Grafið en ekki gleymt : gerðir handastellinga í íslenskum gröfum og nýting þeirra til afstæðra aldursgreininga.* (óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

Nemendaverkefni í vinnslu sem nýta Hofstaðabeinagrindur

Ph.D.

Cecilia Collins *Interpreting the prevalence of ear disease and maxillary sinusitis in medieval Iceland: an evaluation of adult and subadult skeletons using computed tomography, microscopy and endoscopy.* (Ph.D. University of Reading, Englandi– áætluð verklok 2013).

The impact of upper respiratory disease on individual and societal health can be interpreted by measuring ear disease and sinusitis prevalence, detailing chronic disease activity across age and sex groups. Clinical evidence indicates high rates of inner ear infections in modern populations, and high frequency has been researched in some archaeological populations. Similarly, upper respiratory tract infection is known to affect the maxillary sinuses. Pathological lesions are however, often hidden within temporal bones and maxillary sinuses in the skull, unrecognized and under-recorded in standard human remains analysis. Studying crania by means of computed tomography, endoscopy, and microscopy to detect these lesions illustrates chronic disease activity in the individual and significantly improves understanding of the prevalence of respiratory disease in the once-living population. An estimated 500 skeletons will be analyzed from

medieval sites across Iceland. The vast majority are common parish cemeteries with unmarked graves, but also include 50-60 high status graves, with marked names and dates, of the bishops and their families at Skálholt. By recording these pathological markers of respiratory disease in adults and juveniles, and statistically depicting the results, this research will contribute to a holistic portrayal of life and death among medieval Icelanders.

Hildur Gestsdóttir. *Osteoarthritis in Iceland. An archaeological study* (Ph.D. Háskóli Íslands – áætluð verklok 2012).

The main aim of the project is to question how the study of degenerative joint disease in a small isolated, quite homogenous population, for which there exists sound modern clinical data on the genetic nature of the disease, can add to the nature of the discussion of joint disease in an archaeological context. The aim is also to question to what extent, if the analysis is supported by methodical recording and hypothesis testing, we can theorise about the social nature of palaeopathology in general and specifically degenerative joint disease? The point here is that even when dealing with a multifactorial disease like osteoarthritis, where it may be difficult in most instances to demonstrate with scientific testing a positive link to the main aetiological factors behind the disease (genetics, stress and age), it is important to create a theoretical framework within which to place the discussion. By placing the results of the palaeopathological analysis in context, the social context of the individuals suffering from the disease and the society within which they lived, as well as the context of the physicality of the body and its responses to the disease, it is possible to give meaning to the results in on a more socially analytical level.